

Fréttir af flutningum

2. tbl.

14. árg.

nóv. 2004

Flutt í nýju Vörumiðstöðina

„Margar hendur vinna létt verk,“ segir máltækið og það átti svo sannarlega við þegar u.þ.b. 400 starfsmenn Samskipa og Ístaks brugðu á leik í haustblíðunni að morgni 7. október sl. og hófu formlega flutning á starfsemi Samskipa í nýbyggingu félagsins við Kjarlavog.



Pakkinn góði, í traustum höndum Samskipamanna, á leið úr Vöruhúsi A...

Var mynduð keðja frá gamla húsinu við Holtaveg og fyrsti pakkinn selfluttur yfir í nýju bygginguna þar sem hann var skráður eftir öllum kúnstarinnar reglum og síðan komið fyrir á öruggum stað í hinni nýju Vörumiðstöð Samskipa.

Margra ára draumur að rætast

Því næst kvaddi Loftur Árnason, forstjóri byggingarverktakans Ístaks, sér hljóðs og óskaði Samskipamönnum til hamingju með nýja húsið sem reist var á met tíma því aðeins er liðið rúmt ár frá því að fyrsta skóflustungan var tekin.

Loftur afhenti Ólafi Ólafssyni, stjórnarformanni Samskipa, lykla að húsinu en hann afhenti þá strax Knúti G. Haukssyni forstjóra

með þeim orðum að það yrði á hans ábyrgð að opna og loka húsinu. Ólafur þakkaði Ístaksmönnum vel unnið starf og einnig starfsmönnum Samskipa. „Þið eruð bestir,“ sagði stjórnarformaðurinn og uppskar kröftugt lófatak viðstaddra.

„Það er margra ára draumur að rætast hjá okkur,“ sagði Knútur G. Hauksson forstjóri þegar hann var kominn með lykjavöldin. Kvaðst hann sannfærður um að sameining allrar starfsemi Samskipa á höfuðborgarsvæðinu undir eitt þak í nýja húsinu ætti eftir að þjappa starfsfólkinu enn meira saman. „Við munum standa okkur enn betur á morgun en við gerum í dag,“ sagði Knútur og klykkti út með hamingju-óskum til allra.



... og kominn á öruggan stað í nýju Vörumiðstöðinni.

Fyrsta vörusendingin afhent

Það er skammt stórra högga á milli hjá Samskipum því aðeins tæpum tveimur vikum eftir að flutningarnir hófust var fyrsta vörusendingin afgreidd formlega úr Vörumiðstöðinni til Gunnars Eggertssonar hf.

Var ekki örgrannt um að viss jólastemming ríkti við það tækifæri því sendingin innihélt pappír frá Svíþjóð fyrir íslenskan prentiðnað, aðallega í jólakort.



Halldóra Káradóttir, deildarstjóri vöruhúsadeildar, afhendir Kristjáni Eggert Gunnarssyni forstjóra blóm í tilefni fyrstu vöruafendingarinnar. Gestur Kr. Gestsson, sölufulltrúi hjá innflutningsdeild Samskipa, fylgist með.

Flutningum lokið um áramót

Vörumiðstöð Samskipa er sú stærsta sinnar tegundar á Íslandi og þar er pláss fyrir um 21 þúsund vörubretti, auk þess sem fimm þúsund hillumetrar eru fyrir smávöru. Þar er aðstaða fyrir innflutning, vöruhýsingu, móttöku búslóða, tollvörugeymslu, innanlandsflutninga og vörudreifingu. Öll nýjasta tækni í vöruhúsaþjónustu er nýtt til hins ýrasta en starfsmenn eru alls um 100 talsins.

Það á enn eftir að fjölga í nýja húsinu því höfuðstöðvar Samskipa og öll önnur starfsemi félagsins, þ.m.t. starfsemi Landflutninga-Samskipa og Jóna Transport, flyst þangað fyrir áramót og verða þá hátt í 500 starfsmenn þar undir sama þaki.



Bls. 3

Bíodísel á bíla Landflutninga

– nýtt umhverfisvænt eldsneyti



Bls. 6

Öruggari hafnir

– eftir að lög um Siglingavernd tóku gildi

Nýr svæðisstjóri í Svíþjóð

Birna Ödefors hefur verið ráðin svæðisstjóri Samskipa í Svíþjóð og tekur hún til starfa 1. janúar 2005.



Birna Ödefors.

Birna er fædd í Danmörku en alin upp í Svíþjóð og starfaði hjá *Maersk Sealand and Logistics*, sem framkvæmdastjóri sölu-sviðs í Danmörku og Svíþjóð, áður en hún réðst til Samskipa.

Hún leysir af hólmi Ólaf Jóhannsson, sem verið hefur svæðisstjóri Samskipa í Svíþjóð og Noregi undanfarin ár. Hann mun einbeita sér að rekstri Samskipa í Noregi en mikill vöxtur hefur verið í starfsemi félagsins þar undanfarið.

Íslandsdeildin í Rotterdam eflid

Þjónusta Íslandsdeildar skrifstofu Samskipa í Rotterdam hefur verið aukin og eflid í kjölfar endurskoðunar á starfsemi þar.

Guðmundur Ingvarsson er nýr starfsmaður Íslandsdeildarinnar í Rotterdam og sinnir, ásamt sex öðrum, öllum útflutningi frá Rotterdam til Íslands. Einnig hefur verið bætt við starfsmanni til að annast innflutning til Rotterdam frá Íslandi.

Eftir endurskipulagningu heyrir rekstur Íslandsdeildarinnar í Rotterdam undir Einar Þór Guðjónsson, framkvæmdastjóra frystivöruflutninga hjá Samskip BV, en var áður á ábyrgð Björns Einarssonar. Hann einbeittir sér nú að þjónustu- og sölumálum Samskipa á erlendri grund.



Einar Þór Guðjónsson.

Færa út kvíarnar í Færeyjum



Viðkomustaðir Samskipa á siglingaleiðum félagsins milli Íslands og Evrópu. Kollafjörður á Straumey verður nýr viðkomustaður í Færeyjum, í viðbót við Klakksvík.

Endurskoðun fer nú fram á Færeyjasiglingum Samskipa í framhaldi af opnun nýrrar skrifstofu félagsins í Þórshöfn. Er líklegast að Kollafjörður á Straumey verði nýr viðkomustaður félagsins, til viðbótar við Klakksvík á Borðey. Þetta er gert til að bæta enn frekar þjónustuna við innflytjendur og aðra viðskiptavinum Samskipa í Færeyjum.

„Okkur hefur gengið vel að ná fótfestu á færeyska markaðnum og móttökurnar þar hafa verið afar góðar,“ segir Knútur G. Hauksson forstjóri Samskipa. „Opnun skrifstofunnar í Þórshöfn er rökrétt framhald í Færeyjaútrásinni og við hyggjum á enn frekari landvinninga þar.“

Joel undir Leitinum hefur

verið ráðinn yfirmaður Samskipa í Færeyjum. Til að byrja með eru starfsmenn á Þórshafnar skrifstofunni þrír talsins, allt fólk með umtalsverða reynslu í flutningastarfsemi. Eru starfsmenn Samskipa í Færeyjum þar með orðnir fjórir talsins því einn var fyrir í Klakksvík en þangað hefur félagið siglt síðan í aprílþyrjun.



Joel undir Leitinum.

Aukin umsvif í Þýskalandi

Til að þjóna enn betur ört vaxandi starfsemi Samskipa í Þýskalandi hafa tvær nýjar skrifstofur verið opnaðar í Düsseldorf og München, til viðbótar skrifstofum félagsins í Bremen og Hamborg. Heyrir reksturinn í Þýskalandi undir Bremen-skrifstofuna.

„Skrifstofan í Düsseldorf þjónar ört vaxandi flutningastarfsemi okkar í Rínardal og Ruhrhéraðinu en þjónustan

við suðurhérað Þýskalands er á ábyrgð skrifstofunnar í München,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.

Þrír starfsmenn eru á skrifstofunni í Düsseldorf. Yfirmaður er Frank Küpperbusch og heimilisfangið er:

SAMSKIP Düsseldorf, Großenbaumer Weg 10, 40472 Düsseldorf.

Í München eru tveir starfsmenn. Reinhold Stuy er í forsvari og heimilisfangið er:

SAMSKIP München, Flughafenmodul G, Btl. 152.27, Räume 312,314, Ebene 03, 85356 München.

Landflutningar-Samskip á biodísil

Landflutningar-Samskip er fyrsta fyrirtækið hérlendis sem notar biodísil, lífrænni og vistvænni dísilolíu, sem Olíufélagið ESSO hefur hafið innflutning á. Hafa flutningabílar á leiðinni Reykjavík-Akureyri brennt biodísil undanfarnar vikur með góðum árangri. Nú er til athugunar að nota þetta vistvæna eldsneyti á allan flutningabílaflota félagsins.



Umhverfisráðherra gangsetur flutningabíl Samskipa sem brennir biodísil, til marks um að notkun þessa umhverfisvæna eldsneytis er formlega hafin á Íslandi.

Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa, segir ánægjulegt að taka þátt í þessu með ESSO. „Við erum opnir fyrir öllum nýjungum sem geta orðið til þess að draga úr mengun frá bílaflotanum okkar og þessar tilraunir með biodísil lofa sannarlega góðu.“

Þegar biodísilverkefninu var hleypt

formlega af stokkunum á dögnum var Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra afhent sýnishorn af umhverfisvæna eldsneytinu. Hafði hún á orði að lyktin væri betri en af venjulegri dísilolíu og liturinn fallegri. „Samstarf ESSO og Landflutninga-Samskipa er lofsvert framtak sem forvitnilegt verður að fylgjast með,“ sagði ráð-



Hjalteifur Jakobsson, forstjóri ESSO, sýnir Sigríði Önnu Þórðardóttur og Knúti G. Haukssyni reipufrae en úr þeim er m.a. lífræna olían unnin sem blandað er í dísilolíuna.

herra áður en hann gangsetti flutningabíl Samskipa sem brennir biodísil, til marks um að notkun þessa umhverfisvæna eldsneytis væri formlega hafin hér á landi.

Hvað er biodísil?

Biodísil er endurnýjanlegt eldsneyti úr jurtaolíum, til dæmis reipufraejum og sólblómum, sem er ætlað að auka gæði hefðbundinnar dísilolíu. Eldsneytið má nota á dísilvélar án þess að gera á þeim breytingar eða endurstilla að nokkru leyti, hvort heldur olían er notuð hrein eða til blöndunar. Notkun biodísil dregur úr koltvísýringi og rykmengun í útblæstri bíla og stuðlar þannig að því að bæta umhverfið og andrúmsloftið. Hafa rannsóknir sýnt að með einungis 5–6% íblöndun minnkar útblástur eitrefna frá vélum um allt að 15–20%. Þá eykur biodísil afköst véla, lengir líftíma þeirra og dregur úr hávaðamengun.

Vöxtur í starfsemi Samskipa í Asíu

Ný skrifstofa Samskipa í Asíu var opnuð í Dalian í Kína 1. nóvember sl. og tvær aðrar skrifstofur verða opnaðar í Tælandi og Víetnam á næsta ári. Fyrir var félagið með skrifstofur í Pusan í Suður-Kóreu og Qingdao í Kína.

Aðalstarfsemi skrifstofanna í Asíu er flutningur á frystum fiski og hafa umsvifin aukist stöðugt frá því fyrsta skrifstofan var opnuð í Pusan í febrúar á síðasta ári. „Markmið okkar er að verða leiðandi í heiminum í flutningi og tengdri þjónustu við sjávarútveginn,“ segir Einar Þór Guðjónsson, framkvæmdastjóri frystivöruflutninga Samskipa.

Rossi Chen, sem unnið hefur við sjávarútveg í Dalian sl. 10 ár, hefur verið ráðinn yfirmaður skrifstofunnar þar vegna víðtækrar þekkingar sinnar á markaðnum. Starfsmenn verða þrír til að byrja með í Dalian, fjórir starfa á skrifstofunni í Qingdao og sjö í Pusan, þannig að samtals eru starfsmenn Samskipa í Asíu orðnir 14 talsins. Heimilisfang nýju skrifstofunnar er:



Miðstöð fiskvinnslu í Asíu er í borgunum Pusan, Qingdao og Dalian, þar sem nýjasta skrifstofa Samskipa var opnuð um sl. mánaðamót. Þar með eru skrifstofur félagsins orðnar 35 talsins í 15 löndum. Þá er fyrirhugað að opna skrifstofur í Tælandi og Víetnam á næsta ári, auk þess sem starfræktar eru umboðsskrifstofur um allan heim.

Samskip LTD Dalian, Rainbow Building No. 23 Renmin Road, Room 1203, Zhongshan District, Dalian, China.

Meira framboð flutninga skapar fleiri sóknarfæri

– segir Freysteinn Bjarnason framkvæmdastjóri útgerðar Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað

„Það sem stendur upp úr er auðvitað sameiningin við SR Mjöl í ársbyrjun 2003 sem gerði okkur að stærsta fyrirtæki landsins í mjöli og lýsi,“ segir Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri útgerðar hjá Síldarvinnslunni, þegar hann er beðinn um að stikla á stóru í sögu og rekstri þessa sjávarútvegsrisa á Austurlandi.



Fiskiðjuver Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Ræturnar liggja í Neskaupstað, þar sem fyrirtækið var stofnað fyrir hartnær hálfri öld vegna aukinna síldveiða út af Austfjörðum. Nú er það stærsta sjávarútvegsfyrirtæki Íslands í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski með starfsemi á 13 stöðum, auk Bandaríkjanna og Grænlands. Veiðiheimildir Síldarvinnslunnar og hlutdeildarfélaganna nema alls 30.000 þorskígildistonnunum, starfsmenn eru 370 talsins og ársvelta samstæðunnar var um níu milljarðar króna í fyrra.

Aukin hagræðing og afhendingaröryggi skipta sköpum

„Markaðurinn ræður í dag. Það gildir bæði um flutning á afurðunum og sölu þeirra og sem betur fer eru fyrirtækin ekki lengur negld niður á klafa hjá einum aðila,“ segir Freysteinn. „Þetta hefur verið að þróast hægt og bítandi og samtímis höfum við Íslendingar verið að fíkra okkur áfram við að vinna okkar vörur í æ ríkari mæli þannig

að þær séu gjaldgengar á háverðsvörumarkaði í heiminum.“

Þar liggur líka framtíð fiskvinnslunnar að mati Freysteins en til að ná ásættanlegum árangri þarf enn frekari hagræðingu í greininni að hans mati. „Sjávarútvegurinn getur ekki staðið undir því að halda öllu landinu í byggð. Nútíma fiskvinnsla krefst enn meiri tæknivæðingar til að hægt sé að uppfylla ýtrustu kröfur og alþjóðlega staðla. Aukin tæknivæðing mun hafa í för með sér fækkun starfsfólks en jafnframt mun verða krafist meiri sérhæfingar og kunnáttu. Það getur svo aftur leitt til hærri launa í greininni og þannig getur hún mætt aukinni samkeppni um vinnuafli á næstu árum.“

Annað lykilatriði í sókninni inn á háverðsvörumarkaði heimsins að mati Freysteins er svo afhendingaröryggið. „Það þýðir lítið að koma með fína vöru á markað eina vikuna og svo er ekkert að hafa í næstu viku! Það verður að vera stöðugt

framboð og að því leyti hafa stóruaknir útflutningsmöguleikar héðan að austan, í kjölfar stóriðjuuppbyggingarinnar, styrkt stöðu okkar mikið og munu skapa okkur enn fleiri sóknarfæri í framtíðinni.“

Viðkvæmur rekstur

Síldarvinnslan starfrækir fimm lýsis- og mjölverksmiðjur og gerir út tvö skip til veiða á uppsjávarfiski, eitt frystiskip og eitt ísfiskskip, auk þess sem hlutdeildarfélagin gera út sex uppsjávar- og frystiskip. Síldarvinnslan rekur einnig fullkomið fiskiðjuver þar sem fram fer frýsting á bolfiski og uppsjávarfiski ásamt síldarsöltun. Fyrirtækið er þátttakandi í eldi á laxi, hlýra og þorski og gerir út brunnbát til flutninga á lifandi fiski. Þá starfrækir dótturfélagið Laxá fóðurverksmiðju.

„Við leggjum mikla áherslu á uppsjávarveiðar og lengst af voru bræðslurnar grunnurinn í þessum bransa,“ segir Freysteinn. „Bræðslur standa vel fyrir sínu þegar nægilegt hráefni er að hafa en það gæti þó þurft að fara frekar yfir þau mál innan tíðar því rekstrarkostnaðurinn er enn of hár, þrátt fyrir að við höfum lokað verksmiðjum okkar á Reyðarfirði og í Sandgerði.“



Freysteinn Bjarnason gefur gestum og gangandi gott í gogginn á sýningunni Austurland 2004.

Síldarsöltun er einnig á undanhaldi og það er ekki saltað í Neskaupstað á vertíðinni í haust. „Við erum að flaka og frýsta síldina og flytja hana þannig út til frekari vinnslu,“ segir Freysteinn. Það er stefnt að aukinni síldarfrýstingu á yfirstandandi vertíð og þegar loðnuvertíðin hefst þarf að hafa snör handtök. „Svo er það auðvitað

kolmunninn. Þær veiðar eru aðallega á sumrin og haustin en hins vegar hefur þetta verið slitrótt í haust. Hátt olíuverð gerir það að verkum að menn tíma ekki að vera að láta skipin leita upp á von og óvon en þó hefur verið haldið uppi vöktun á miðunum og hafa veiðar verið að glæðast á ný.“

Fiskeldi í stöðugum vexti

Hjá Síldarvinnslunni hafa menn einnig verið að þreifa fyrir sér í fiskeldi og í Neskaupstað er búið að koma upp öflugu laxasláturhúsi með tilheyrandi vinnslu, bæði flökun og pökkun. „Við erum að slátra og vinna lax 2–4 daga í viku og svo er auðvitað líka verið að flytja laxinn út heilan.“ Sláturfiskurinn kemur að langstærstum hluta frá Sæsilfri í Mjóafirði, sem er að stærstum hluta í eigu Samherja og Síldarvinnslunnar, en einnig kemur töluvert af fiski frá Austlaxi á Seyðisfirði, sem er í eigu Síldarvinnslunnar. Þá er eldisfiskur frá Salar Islandica í Berufirði einnig farinn að koma til slátrunar í Neskaupstað.

„Það má segja að við nýtum allar mögulegar og ómögulegar leiðir til að koma þessu sem ferskustu á markað,“ segir Freysteinn. „Stóriðjan hefur gjörbreytt allri vöruafsetningu því bæði siglingar hingað og flutningar með bílum og flugvélum eru mun tíðari. Þannig flytjum við t.d. laxinn núna ýmist út með millilandaskipunum, ferjunni Norrænu og svo með flugi.“

Ný siglingarúta Samskipa nýttist vel

Tíðari afsetning kemur líka bolfiskvinnslunni til góða og er ferskur fiskur fluttur jöfnum höndum sjóleiðina á Bretland og Evrópu eða með flugi á Ameríkumarkað. „Það er ferskfiskvinnslan sem heldur landvinnslunni á floti í dag,“ segir Freysteinn. „Ef ekki væri þessi mikla eftirspurn eftir ferskum fiski væri varla rekstrargrundvöllur fyrir fiskvinnslu- og frystihúsin hér úti á landi. Þess vegna erum við líka hættir að frysta þorskflök um borð í frystitogurunum úti á sjó, það fæst mun meira verð fyrir þau fersk.“

Síldarvinnslan er með tvo togara, Bjart og Barða. Barðinn er flakafrystiskip sem fiskar líka fyrir vinnsluna í landi. Landa togararnir alltaf a.m.k. einu sinni í viku enda er öllum veiðum orðið fjarstýrt úr landi samkvæmt fyrirfram skipulagðri áætlun. „Eftir að siglingarútu Samskipa frá Reyðarfirði til meginlandsins var breytt í haust nýtum við þá ferð til að koma fiski inn á Englandsmarkað og nær hann þá sölu á fimmtudögum sem hentar vel fyrir helgarsölu í stórmörkuðum þar. Þessi ferð fyllir upp í eyðu sem áður var því mest af ferska fiskinum berst þangað í vikubyrjun.“

Aukin þjónusta við ferskfiskútflytjendur

Siglingar Samskipa tvisvar í viku frá Reykjavík og vikulega frá Vestmannaeyjum, Reyðarfirði og Færeyjum til Bretlandseyja og meginlands Evrópu hafa leitt til stóraukins útflutnings á ferskum fiski inn á Humber svæðið svokallaða á austurströnd Englands og á fiskmarkaði í Norður- og Suður-Evrópu. Siglt er á Immingham og Rotterdam en þaðan er auðvelt að dreifa fiskinum áfram með öflugu flutninganeti Samskipa.

Lykillinn að þessari stórauknu þjónustu við ferskfiskútflytjendur eru nýir viðkomustaðir og tíðari siglingar Samskipa á milli Íslands og meginlands Evrópu. Fjögur gámaskip félagsins eru nú í föstum áætlanarsiglingum á þessari leið en þau voru einungis tvö um síðustu áramót. Reyðarfjörður og Klakksvík í Færeyjum komu inn sem nýir áfangastaðir hálfsmánaðarlega þegar áætlunarsiglingar Skaftafellsins hófust í ársbyrjun. Í sumar var Akrafellinu bætt inn á þá rútu og er nú siglt vikulega á þessa staði. Samtímis voru gerðar breytingar á komu- og brottfaratímum Arnarfellsins og Helgafellsins.

kominn á markað fyrir helgi, ferskur og góður. Þetta er líka alveg í takt við breytt neyslumynstur á fiski í Evrópu. Þar er fisksalan að færast inn í stórmarkaðina og þar versla flestir í vikulokin og um helgar.“

Mælist almennt vel fyrir

Hinrik segir að þessi aðlögun Evrópu siglinganna að markaðnum úti hafi almennt vakið ánægju hjá viðskiptavinum félagsins. „Umhverfið sem flutningafyrirtækin búa við er síbreytilegt og því erum við hjá Samskipum stöðugt að kanna nýja möguleika til að bæta þjónustu okkar og gera hana um leið hagkvæmari fyrir alla. Einnig er í ærki mæli leitað til félagsins varðandi ráðgjöf um allt flutningsferlið og þá kemur sér vel að við erum með á okkar snærum starfsfólki með mjög mikla reynslu í þessum málum, fólk sem þekkir allt þetta ferli frá A til Ö.“

„Það má líka segja að með þessum nýju siglingarútum séum við að loka vikunni hjá fiskframleiðendum hér heima. Núna er brottför tvisvar í viku frá Reykjavík, á fimmtudögum og föstudögum, og svo vikulega frá Vestmannaeyjum á föstudögum og Reyðarfirði á sunnudögum, þannig að fiskverkendur geta komið framleiðslunni jafnóðum af stað á markað,“ segir Hinrik. Það eru einkum fiskvinnslufyrirtæki á Austfjörðum sem eru að nýta þá möguleika sem opnuðust þegar Reyðarfjörður bættist við sem fastur viðkomustaður Samskipa en Hinrik segir að útflutningur þaðan geti einnig verið góður kostur fyrir fiskverkendur á Norðurlandi.

„Svo eiga fiskverkendur auðvitað kost á því að senda fisk út tvisvar í viku með okkur, frá bæði Reyðarfirði og Reykjavík, því það er ekkert mál að flytja farminn í veg fyrir millilandaskipin fyrir austan eða sunnan með flutningakerfi Landflutninga-Samskipa.“



Hinrik Bjarnason, deildarstjóri útflutningsdeildar Samskipa, hefur staðið í ströngu undanfarið ásamt samstarfsfólki sínu við að efla ferskfiskútflutninga félagsins.

Evrópubúar vilja ferskan fisk

„Þegar Akrafellið bættist í flota okkar í sumar stökkuðum við upp allar tíma- setningar í Evrópusiglingunum til að geta þjónað betur þessum ört vaxandi markaði,“ segir Hinrik Bjarnason, deildarstjóri útflutningsdeildar hjá Samskipum. „Með þessu nýja fyrirkomulagi getum við afhent ferskan fisk fyrir fimmtudagsmorgun á Humber svæðinu og fyrir föstudagsmorgun í Rotterdam. Þannig er tryggt að allur fiskur sem við flytjum er



Samskip þurftu að fjölga öryggisvörðum vegna gildistöku nýju siglingaverndarlaganna og eru nú 10 öryggisverðir starfandi hjá félaginu. Hér er Hilmar Svavarsson á vaktinni á hafnarsvæðinu við Vogabakka.

Örugggari hafnir

Hafnarsvæði Samskipa hefur verið girt af og eftirlit stórukið eftir að ný lög um siglingavernd tóku gildi 1. júlí í sumar. Voru löginn sett fyrir tilstilli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) sem samþykkti í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin haustið 2001 að beita sér á heimsvísu fyrir sérstöku átaki gegn ógnum og hryðjuverkum á sjó og í höfnum. Hafa Samskip verið í forystu hér á landi í innleiðingu öryggislaganna og hefur félagið fengið sérstakt hrós yfirvalda fyrir hversu vel hefur til tekið.

Kostnaður vegna nýju siglingaverndarlaganna hleypur á tugum milljóna króna hjá Samskipum, fyrir utan rekstrarkostnað, og verður sérstakt öryggisgjald sett á innan skamms á skip og gáma, til að mæta þessum útgjöldum.

Til að tryggja samræmi í framkvæmd öryggisreglnanna var búinn til svokallaður ISPS-kóði um skipa- og hafnarvernd sem nær til allra farþegaskipa og flutningaskipa sem eru 500 brúttótonn og þar yfir. Einnig falla færarlegir borpallar á alþjóðasiglingaleiðum og hafnarmannvirki á þessum leiðum undir öryggiskóðann. Eru hafnaryfirvöld á hverjum stað ábyrg fyrir öryggi skipa sem þar eru bundin og hér á landi er skipafélögnum gert að standa straum af kostnaði vegna hertra öryggiskrafna á sínum svæðum.

Aðgangur óviðkomandi takmarkaður
„Hafnarsvæðið okkar er um 200.000 m², eða á stærð við 15 fótboltavelli, og bara að girða það af kostnaði okkur margar milljónir króna,“ segir Eypór Víðisson, öryggisstjóri Samskipa. Þá var öll lýsing á hafnarsvæðinu tekin í gegn og sett upp mjög fullkomið kerfi eftirlitsmyndavéla. „Við tókum einnig upp rafrænt aðgangsstýrikerfi að hafnarsvæðinu og nú þurfa allir, sem fara inn á svæðið, að vera með þar til gert rafrænt aðgangskort,“ segir Eypór. Jafnframt þurfti að fjölga

öryggisvörðum, m.a. til að fylgjast með því að allur þessi flóki búnaður virki og lögum og reglum sé framfylgt.

Eftir að sérstakar farmverndarreglur, sem fjalla um hvernig ganga skuli frá vörum til útflutnings, tóku gildi 1. október sl. er enn auðveldara að henda reiður á þeim varningi sem skipafélög flytja. „Alveg eins og allur farangur í flugi er tékkaður inn eru gámar og innihald þeirra nú fært til bókar, annaðhvort af útflytjendum sjálfum eða skipafélögnum, og allar öryggiskröfur þannig uppfylltar með tilheyrandi vottorðum og innsiglium,“ segir Eypór.

Breytingum vel tekið

Eypór segir að það hafi komið sér þægilega á óvart hversu vel allir hafi tekið þessum umfangsmiklu breytingum. „Hér á Íslandi hafa hafnarsvæðin alltaf verið hluti af byggðinni og allir getað valsað þar um að vild. Ég átti því alveg eins von á því að menn myndu fetta fingur út í þetta en raunin er allt önnur,“ segir Eypór. „Tækjamönnunum okkar finnst t.d. allt annað að vinna á gámasvæðinu eftir að umferð um það var bönnuð óviðkomandi. Viðskiptavinir okkar sjá sér líka hag í þessu því að allt flutningaferlið er nú í mun fastari skorðum en áður,“ segir Eypór Víðisson öryggisstjóri að lokum.

Nýir starfsmenn



Bjarni Grétarsson hefur verið ráðinn sölufulltrúi í innflutningsdeild Samskipa. Hann útskrifaðist frá Tækniháskóla Íslands árið 2002 með B.Sc. í viðskiptafræði af alþjóðamarkaðssviði.

Bjarni starfaði sem ráðgjafi í sjávarútvegsþjónustu hjá Eimskipafélagi Íslands áður en hann gekk til liðs við Samskip.

Bjarni er þrítugur, í sambúð með Hrafnhildi Harðardóttur og eiga þau tvö börn.



Hólmur Svansson hefur verið ráðinn sem rekstrarstjóri Landflutninga-Samskipa á Norðurlandi. Hólmur lauk iðnaðarverkfræði frá University of Alabama í Bandaríkjunum árið 1989

og meistaraáráðu í rekstrarhagfræði frá Purdue University í Indiana árið 1992. Hann var forstöðumaður Matvælasæters Háskólans á Akureyri áður en hann hóf störf hjá Landflutningum-Samskipum og þar áður framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og framkvæmdastjóri Flutningamiðstöðvar Norðurlands 1993–1995.

Hólmur er 39 ára, kvæntur Eyrúnu Svövu Ingvadóttur og eiga þau þrjú börn.



Kristján M. Ólafsson hefur verið ráðinn deildarstjóri flutningastjórnunardeildar. Hann útskrifaðist sem hagverkfræðingur frá Háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi árið 1996. Kristján var framkvæmdastjóri EAN á Íslandi áður en hann réðst til Samskipa og þar áður var hann verkefnastjóri hjá Iðntæknistofnun Íslands.

Kristján er 39 ára, kvæntur Lydfú Ósk Óskarsdóttur og eiga þau tvö börn.

Kristján er 39 ára, kvæntur Lydfú Ósk Óskarsdóttur og eiga þau tvö börn.



Kristmann Pálmason hefur verið ráðinn sölu- og þjónustustjóri hjá Landflutningum-Samskipum á Austurlandi. Hann starfaði sem gæðastjóri og í sölumálum hjá Sölu Fiskmiðlun áður en hann kom til starfa hjá Samskipum.

Kristmann er 28 ára og ókvæntur.

Austurland tekið með trukki!

„Það er meira að gera en ég átti von á en það hefur gengið vel,“ segir Ágúst Arnórsson, rekstrarstjóri Landflutninga-Samskipa á Austurlandi, sem kom til starfa eystra í byrjun febrúar sl.



Höfuðstöðvar Landflutninga-Samskipa á Egilsstöðum eru orðnar of litlar fyrir blómlega starfsemi félagsins á Austurlandi.

Ágúst kom beint inn í uppsveifluna í tengslum við stóriðjuævintýrið. „Það hefur orðið gríðarleg aukning á þessu svæði, bæði fólksfjölgun og stórauðnir vöruflutningar.“ Því til staðfestingar minnir Ágúst á að mörgum eystra hafi þótt sem Samskipamenn væru gengnir af göflunum árið 1999 þegar byggt var yfir starfsemi á

Egilsstöðum. „Húsið þótti allt of stórt þá en nú, fimm árum seinna, er það kol-sprungið.“

Stóriðja, verslun og fiskur

„Mest af þessum flutningum er auðvitað í kringum stóriðjuframkvæmdirnar og verktakana sem þeim tengjast, allt frá



Ágúst Arnórsson (t.h.) og Óskar Jensson, sölumaður Landflutninga í Reykjavík, ásamt sýningargesti á sýningunni Austurland 2004 á Egilsstöðum í sumar.

skrúfum upp í stærstu þungavinnuvélar. Einnig eru miklir flutningar fyrir verslanir hér á svæðinu. Bónus er með stóra verslun hér á Egilsstöðum, einnig Kaupfélag Héraðsbúa og Húsasmiðjan og eru flutningar fyrir alla þessa aðila stöðugt að aukast.“

Fiskflutningar skipa einnig stóran sess í starfsemi á Austurlandi og er mikill slagur á þeim markaði frá degi til dags segir Ágúst. „Við erum t.d. farnir að keyra eldislax suður og höfum bætt við fleiri bílum á þeirri leið vegna aukinna umsvifa.“ Aukin flutningsgeta býður aftur upp á meiri sveigjanleika segir Ágúst, sem er mikilvægt atriði í ferskfiskflutningum. „Þetta er auðvitað bara spurning um þjónustustig og tímasetningar. Það er erfitt að binda þetta alveg niður og núna höfum við smá svigrúm ef þarf t.d. að biða aðeins eftir því að farmur verði tilbúinn.“

Stöðin á Egilsstöðum þjónar Austurlandi að Höfn og eru starfsmenn þar nú um 20 talsins. Einnig er félagið með umboðsmenn í Neskaupstað, á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Seyðisfirði.

Skrifstofa í Skotlandi

Ný þjónustuskrifstofa Samskipa tók til starfa síðsumars í Skotlandi. Hún er í bænum Airdrie, milli Glasgow og Edinborgar, og heyrir reksturinn undir Samskip Ltd. á Bretlandseyjum.

Skotlandsskrifstofan sinnir vaxandi umsvifum félagsins á þessu markaðssvæði, sérstaklega gámaflutningum til og frá Skandinavíu og Norður-Evrópu, flutningum á frosnu sjávarfangi og ýmiskonar stórflutningastarfsemi í tengslum við olíuvinnslu og fl.

Starfsmaður Skotlandsskrifstofunnar er Ciaron Reynolds, sem var hjá skipa- og flutningaþjónustufyrirtækinu Denholm Group. Heimilisfangið er:

Samskip Ltd., Po Box 8709, Airdrie, ML6 8ZY, Scotland.



Nýir frystigámar

150 splunkunýir frystigámar sem samtals kostuðu um 200 milljónir króna bættust í gámaflota Samskipa í sumar.

Um er að ræða þriðju kynslóð af 40 feta háþekju frystigámum frá Maersk verksmiðjunum í Árósum með búnaði til fjaraflestrar og hitastýringu frá 30 gráðu frosti upp í 25 stiga hita.

Gámarnir eru annars vegar til endurnýjunar á eldri gámum félagsins og hins vegar til að mæta aukinni eftirspurn eftir flutningum.

„Easy Riders“ með Samskipum

Hann er fjölbreytilegur og oft skrautlegur farmurinn sem Samskip flytja landa á milli fyrir viðskiptavinum félagsins. Gott dæmi um þetta eru mótórhjólin 10 sem flutt voru til Noregs í sumar fyrir 18 félagi íslenska Harley Davidson klúbbsins.



Íslensku mótórhjólakapparnir taka á móti vélfákum sínum hjá Samskipum í Moss.



Íslensku mótórhjólakapparnir voru að endurgjalda heimsókn norskra Harley Davidson eigenda hingað til lands árið 2002. Nutu íslensku klúbbfélögarnir þess að hjóla um Noreg í tvær vikur með 17 öðrum Harley eigendum frá fimm öðrum löndum, á samtals 28 skrautlegum vélfákum.

„Þjónusta Samskipa var frábær á allan hátt, eins og alltaf,“ segir Daníel Guðmundsson, formaður Harley Davidson klúbbsins á Íslandi en þetta var í þriðja sinn sem klúbburinn flutti hjólin sín milli landa með Samskipum. Áður hefur félagið flutt mótórhjól Harley félaganna til Rotterdam og einnig til Bilbaó á Spáni.

Smíði nýrra skipa Samskipa gengur vel:

Smámynt undir kjölinn!

Vinna við smíði nýrra gámaskipa Samskipa sem leysa af hólmi Arnarfell og Helgafell gengur vel hjá þýsku skipasmíðastöðinni J.J.Sietas í Hamborg og er nú gert ráð fyrir að þau verði bæði komin í reglubundnar siglingar fyrir febrúarlok á næsta ári.

Kjölur var lagður að nýja Arnarfellinu um miðjan september og að nýja Helgafellinu í október. Smámynt, bæði íslenskar krónur og evrur, var lögð undir kjól beggja skipanna en það er gamall og góður siður. Er myntin einkonar hornsteinn og á að tryggja að skipin verði bæði farsæl og gjöful.

Sjósetning á nýja Arnarfellinu er áætluð um miðjan nóvember og í endaðan janúar nk. á það að vera fullbúið og tilbúið til afhendingar. Sjósetning nýja Helgafellsins er fyrirhuguð um miðjan desember og það á að vera tilbúið til afhendingar í lok febrúar á næsta ári.



Kjölur lagður að nýja Arnarfellinu 16. september sl. í Hamborg.

Verkfræðistyrkur Samskipa

Þorsteinn Rafn Johnsen, meistaraþrófsnemi í iðnaðarverkfræði við Verkfræðideild Háskóla Íslands, hefur hlotið styrk upp á 1,5 milljónir króna frá Samskipum til að vinna að meistaraþrófsverkefni um bætt fyrirkomulag akstursstýringar sendibíla á höfuðborgarsvæðinu. Styrkurinn er hluti af þriggja ára samstarfssamningi Samskipa og Verkfræðideildar HÍ sem gengið var frá sl. haust.

Markmið samningsins er að styrkja tengsl og gagnkvæm samskipti Verkfræðideildarinnar og Samskipa og efla rannsóknir á sviði flutningafræða. Taka Samskip m.a. að sér að greiða námsstyrk eins verkfræðinema meðan hann leysir meistaraþrófsverkefni. Á móti tryggir Verkfræðideildin að verkefnið stuðli að framþróun á sínu sviði og að því verði lokið fyrir miðjan maí á næsta ári. Bæði Samskipum, Háskóla Íslands og meistaraþrófsnemanum verður heimilt að nýta og þróa áfram þær lausnir sem verkefnið kann að leiða til.

Páll Jensson, prófessor í iðnaðarverkfræði, er leiðbeinandi og umsjónarmaður verkefnisins af hálfu Verkfræðideildar HÍ.